

# VEIÐIMÁLASTOFNUN

VAUST/8205

Árni Helgason

Rannsóknir á laxaseiðum í Breiðdalsá  
og þverám árið 1982.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS


VAUST / 8205

*Árni H. Helgason*

# BREIÐDALSA og ÞVERÁR

① TIL ② RAÞVEIÐISTADÍR 1982

Veðimálastofnun - Austurlandsdeild  
Lyngasi 12 - 700 Egilsstöðum  
5791-26 ☎  
97-1675



## INNGANGUR.

Dagana 8 - 10 ágúst 1982 var gerð seiðaathugun í Breiðdalsá og þverám hennar á vegum Veiðimálastofnunar. Markmiðið með athuguninni var að meta ástand laxaseiða í ánum og kanna árangur af sleppingu sumaralinna seiði á svæðið árið á undan. Niðurstöður þessara athugana ásamt lýsingu á ám Breiðdal með tilliti til laxræktarmöguleika eru birtar í þessari skýrslu.

## AÐFERÐIR.

Laxaseiði eru veidd með rafveiðitæki. Aðferðin byggist á því, að tveimur skautum er komið fyrir í ánni og leiddur í þau um 300 Volta jafnspenna frá færanlegri rafstöð. Vaðið er með annað skautið um ána, og hefur rafstraumurinn þau áhrif á fisk í næsta nágrenni, að hann dregst að því og auðvelt er að háfa fiskinn upp. Með þessari aðferð er mögulegt að fá góða hugmynd um þéttleika seiða á viðkomandi svæði og styrk einstakra aldurshópa. Sýnishorn af hreistri og kvörnum voru tekin til aldursgreininga. Alls var rafveitt á 7 stöðum á svæðinu.

## LÝSING Á ÁM Í BREIÐDAL.

Lýsingarnar hér á eftir eru unnar uppúr gögnum sem safnað var nú í sumar, af Finni Garðarssyni sumarið 1981, af Teiti Arnlaugssyni sumarið 1980 og af Rolf Gydemann sumarið 1979.

Lýsingarnar miðast fyrst og fremst við það hversu árnar henta vel fyrir laxaseiði með tilliti til rennslis og botngerðar, en það eru afgerandi þættir í að ákvarða hvort laxaseiði geti nýtt búsvæði árinna. Leiðnimælingar frá árinu 1979 eru teknar með þar sem þær eru fyrir hendi, en leiðni er mæling á magn uppleystra efna í vatninu, sem gefur hugmynd um framleiðnigetú og fæðuframboð í ánni.

## BREIÐDALSA (SUBURDALSA).

Í Breiðdalsá hefur verið settur laxastigi við fossinn Beljanda, og er áin nú fiskgeng inn eftir öllum dal. Laxastiganum er fyrir komið sunnan við fossinn og er steypdur. Stiginn myndur úr vegi

gönguhindrun fyrir fisk, en það að inngönguopið er talsvert frá sjálfum fossinum og það að vatnsmagn um stigann er fremur lítið getur gert laxi erfitt að finna stigann til að ganga upp.

Breiðdalsá hefur verið skoðuð af starfsmönnum Veiðimálastofnunar frá ósi og upp að efstu þjóðvegsbrú. Í megindráttum er áin einsleit. Hún rennur víðast lygn á fingerðum malarbotni og er dýpi 20-40cm algengast, en margir dýpri hyljir víða um ána.

Tvö svæði skera sig úr hvað þetta snertir og er efra svæðið frá Höskuldsstaðaseli og um 1 km útfyrir Höskuldsstaði. Neðra svæðið er frá Fagradalsá að ármótum þverár. Á þessum köflum er nokkuð um smágrýtt brot.

Á heildina lítið er Breiðdalsá óhentug fyrir seiðauppeldi vegna skorts á hentugum búsvæðum. Svæðim tvö, sem áður er minnst á eru þó undantekning þar frá, en á þeim má ætla að laxaseiði geti fundið skjól og þrifist.

Leiðnimælingar frá árinu 1979 bend til þess að fæðuskilyrði séu sæmileg (H: 47umho við 10°C).

#### TINNUDALSÁ

Tinnudalsá fellur í Breiðdalsá að norðanverðu um 2 km neðan við Beljanda. Frá ármótum að neðri þjóðvegsbrú (á Tinnu) er botn víðast smágrýttur með stærra grjóti í bland og klapparsvæðum á milli. Þessi botngerð er ákjósanlegt svæði fyrir laxaseiði þar sem bæði stór og smá seiði hafa hentug búsvæði. Auk þess eru næg hrygningarskilyrði fyrir hendi, og dreifast þau um allt svæðið. Frá brúnni að ármótum Norðurdalsár verður klapparbotn meira ríkjandi og rýrir það gildi svæðisins, en á milli eru grýttir kaflar líkt og neðar í ánni. Ofan við ármótin er Tinnudlasá fiskgeng uppað 3-4 m háum fossi, sem fellur utaní bergið og væri niðurgönguseiðum af efra svæðinu að einhverju leyti varasamur, ef sleppt væri fyrir ofan fossinn.

Tinnudalsá hefur ágæt búsvæði fyrir seiði á fiskgenga hlutanum og einnig ofan fossa eins og áður greinir. Hinsvegar er líklegt að áin sé næringarsnauð (leiðnimæling frá 1979 g af H:19.5umho við 10.5°C) og köld og er það tvímálalaust óhagstætt fyrir lax.



### NORÐURDALSA.

Norðurdalsá hefur verið athuguð frá ármótum Gilsár og 8-9 km fram eftir. Hún er fiskgeng að fossi við ármót Hundsár. Almennt virðist Norðurdalsá á þessu svæði vera á malarbotni eða smágrýttum botni og á köflum rennur hún í mörgum kvíslum á malar/grjóteyrum. Í Norðurdalsá eru stærstu samfelldu svæðin á vatnasvæðinu, sem eru nýtileg til laxauppeldis. Fæðuskilyrði virðast vera í lakara lagi miðað við leiðnimælingar frá 1979, en þá mældist H: 25umho við 10°C.

### GILSA.

Gilsá fellur um Gilsárdal og fer í Norðurdalsá um 4 km ofan við ármót hennar og Tinnudalsár. Um  $\frac{1}{2}$  km ofan við brú hjá bænum Gilsá er um 4 m hár foss, sem hindrar göngu fisks uppfyrrir. Fiskgengi hlutinn er allur á góðum grýttum botni sem ér góður fyrir laxaseiði, en fæðuskilyrði árinna eru rýr samanber leiðnimælingar frá 1979 sem gáfu H:17umho við 9°C. Áin er sennilega nokkuð köld.

### FAGRADALSÁ.

Fagradalsá fellur í Breiðdalsá að sunnanverðu 1-1 $\frac{1}{2}$  km ofan við neðstu þjóðveggsbrú. Fagradalsá er fiskgeng að fossi ofan við Skjöldólfsstaði og er áin á þeim kafla á grófum, grýttum botni og er vel fallin fyrir laxaseiði. Víða eru ágæt hrygningarsvæði innanum. Fremst í ófiskgenga hlutanum eru nokkrir fossar, sem allir falla í hylji og eru niðurgönguseiðum því ekki hættulegir. Að öðru leyti er áin ofan fossa með líkri gerð og á fiskgenga hlutanum.

## NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA.

Niðurstöður rafveiða frá 1982 eru sýndar í töflu 1 hér að aftan, og til samanburðar eru í töflu 2 niðurstöður frá árinu 1980. Í ám í Breiðdal er svipuð tilhneyging og í öðrum laxám í þessum landshluta, að seiðapéttleiki fer minnkandi miðað við það sem var fyrir 1-3 árum síðan. Þessi tilhneyging er vafalítið að nokkru leyti vegna minnkandi laxgengdar á Austurlandi undanfarin 3 sumur, sem óhjákvæmilega veldur því að minna er um hrygningarfisk í ánum að haust og því minna klak að vori. Sömuleiðis má ætla, að kalt ár 1979 svo og vorkuldar nú í ár hafi einnig tekið sinn toll. Minnkandi seiðapéttleiki er í sjálfu sér ekki óhjákvæmilega slæmur. Við vissar aðstæður getur hann orðið til þess, að vegna minnkandi innbyrðis samkeppni milli seiða, aukins lífsrýmis og meira fæðuframboð á hvern einstakling að vöxtur verður hraðari og lífslíkur aukast. Hvað ánum í Breiðdal viðvíkur þá virðast þær vera vannýttar og eigi að bera meira af seiðum en finnst í þeim. Samkvæmt leiðnimælingum frá 1979 þá eru fæðuskilyrði sæmleg í reiðdalsá (góð miðað við aðrar ár á Austurlandi) og hún ætti að geta framleitt talsvert af laxi. Hinsvegar eins og áður getur, þá er skortur á fjölbreytilegum búsvæðum fyrir alla aldurshópa af laxi. Í ánni eru næg hrygningarskilyrði og víða ágætar aðstæður fyrir minni seiði, en nánast hvergi svæði þar sem stærri seiði geta leitað skjóls. Úr þessu er hægt að bæta með grjótburði í ána og hefði það vafalítið jákvæð áhrif á seiðaframleiðslu árinna. Til að efra svæðið í Breiðdalsá (ofan stiga) nýttist, þarf að tryggja það að lax fari upp fyrir stiga. Meðan verið er að koma uppeldi á efra svæðinu á skrið, er athugandi að veiða klakfisk og flytja upp fyrir að hausti. Uppfrá því má hinsvegar gera ráð fyrir því, að seið af þeim hluta árinna leiti þangað aftur þegar þau snúa aftur eftir sjógöngu. Árangur smáseiðasleppinga á svæðinu er óljós. Eingöngu fengust seiði í Gilsá, sem allar líkur eru á að séu úr sleppingu sumarið 1981. Þau seið voru mjóslegin og höfðu lítið vaxið á þessu sumri og er það vegna þess hversu köld áin er og næringarsnauð. Ekki varð vart við nein seið í Tinnudalsá né Norðurdalsá. Ef um framhald á smáseiðasleppingum verður að ræða á vegum veiðifélagsins, þá álit ég, að vænlegast sé að einbeita sér að Fagradals-

á bæði ofan og neðanfossa, að völdum köflum í efri hluta Breiðdalsár á svæðinu milli Höskuldsstaðasels og Höskuldsstaða og að síðustu á grýtta kafla í Norðurdalsá.

Við smáseiðasleppingar er mjög mikilvægt, að sleppa eins snemma sumars og aðstæður leyfa, þ.e.a.s. þegar árnar fara að hlýna. Með því móti eru mestar líkur á að vaxtartíminn sleppisumarið nýtist vel og dvalartíminn í ánni verði styttri. Einnig þarf að velja svæðin vandlega og hafa til viðmiðunar að botn sé samilega grýttur á sleppisvæðinu og straumur sé í meðallagi. Að síðustu er vert að undirstrika, að seiðunum sé dreift vandlega um svæðið og hefur það gefið góða raun, að setja um 30 seiði á hverja 100 fermetra. Ef unnt væri að gera tilraun með grjóttburð á stuttan kafla í Breiðdalsá ofan við Beljanda og sleppa seiðum þar á, ætti tví- málalaust að gera það. Þannig gæfist tækifæri til að fylgjast með seiðunum á grýttum botni samanborið við aðra hluta árinna, sem gæfi mikilvægar upplýsingar um möguleika á laxarékt á svæðinu.

Egilsstöðum 20.12.1982

---

Arni Helgason.

Tafla 1. Niðurstöður rafveiða í Breiðdalsá og þverám árið 1982

Laxaseiði.

| Stöð   | Stærð<br>m <sup>2</sup> | Aldur                 | Fjöldi<br>veiddur     | Áætl.fjöldi<br>á 100 m <sup>2</sup> | Meðal-<br>lengd             |
|--|-------------------------|-----------------------|-----------------------|-------------------------------------|-----------------------------|
| 1.Gilsá<br>200 m neðan<br>við brú                | 350                     | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>3<br>0<br>0<br>0 | -<br>2.8<br>-<br>-<br>-             | -<br>(6.1)<br>-<br>-<br>-   |
| 2.Norðurdalsá<br>neðan við<br>Gilsá              | 350                     | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>0<br>0<br>1<br>0 | -<br>-<br>-<br>0.7<br>-             | -<br>-<br>-<br>(10.5)<br>-  |
| 3.Tinnudalsá<br>ofan við brú                     | -                       | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>0<br>0<br>0<br>0 | -<br>-<br>-<br>-<br>-               | -<br>-<br>-<br>-<br>-       |
| 4.Fagradalsá<br>ofan við brú                     | 700                     | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>5<br>4<br>0<br>0 | -<br>2.4<br>1.4<br>-<br>-           | -<br>7.0<br>(8.9)<br>-<br>- |
| 5.Breiðdalsá<br>200 m ofan v.<br>neðstu brú      | 270                     | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>9<br>3<br>0<br>0 | -<br>11.1<br>2.8<br>-<br>-          | -<br>6.3<br>(8.6)<br>-<br>- |
| 6.Breiðdalsá<br>utan og neðan<br>við Höskuldsst. | -                       | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>0<br>0<br>0<br>0 | -<br>-<br>-<br>-<br>-               | -<br>-<br>-<br>-<br>-       |
| 7.Breiðdalsá<br>neðan við<br>Höskuldsstaði       | 560                     | 0<br>1<br>2<br>3<br>4 | 0<br>0<br>0<br>0<br>0 | -<br>-<br>-<br>-<br>-               | -<br>-<br>-<br>-<br>-       |
| <u>Urriði</u><br>Stöð 6<br>7                     | -<br>560                | 1<br>1                | 1<br>2                |                                     |                             |
| <u>Bleikja</u><br>stöð 4<br>stöð 5<br>stöð 7     | 700<br>270<br>560       | 1<br>0<br>0           | 1<br>2<br>13          |                                     |                             |



Tafla 2. Niðurstöður rafveiða í Breiðdalsá og þverám árið 1980.  
Laxaseiði.

| Stöð   | Stærð<br>m <sup>2</sup> | Aldur                    | Fjöldi<br>veiddur | Áætl.fjöldi<br>á 100 m <sup>2</sup> | Meðal-<br>lengd |
|--|-------------------------|--------------------------|-------------------|-------------------------------------|-----------------|
| Norðurdalsá<br>v.Gilsárstekk                             | -                       | Engin laxaseiði veiddust |                   |                                     |                 |
| 3.Tinnudalsá<br>o/v brú                                  | 200                     | Engin laxaseiði veiddust |                   |                                     |                 |
| 4.Fagradalsá<br>n/v brú                                  | 250                     | 0                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 1                        | 3                 | 1.6                                 | (6.6)           |
|  |                         | 2                        | 30                | 13.2                                | 8.2             |
|  |                         | 3                        | 36                | 21.2                                | 10.4            |
|  |                         | 4                        | 7                 | 3.3                                 | 12.7            |
| Breiðdalsá<br>800 m o/v ós                               | 200                     | 0                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 1                        | 4                 | 6.6                                 | 5.9             |
|  |                         | 2                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 3                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 4                        | 0                 | -                                   | -               |
| 6.Breiðdalsá<br>við Jörvík                               | 180                     | 0                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 1                        | 2                 | 3.7                                 | (7.1)           |
|  |                         | 2                        | 2                 | 2.8                                 | (10.1)          |
|  |                         | 3                        | 1                 | 1.4                                 | (11.7)          |
| 7.Breiðdalsá<br>500 m neðan<br>við Höskulds-<br>staðasel | 220                     | 0                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 1                        | 2                 | 3.0                                 | (7.1)           |
|  |                         | 2                        | 4                 | 4.5                                 | (10.7)          |
|  |                         | 3                        | 1                 | 1.1                                 | (11.1)          |
| Breiðdalsá<br>við Höskulds-<br>staðasel                  | 204                     | Engin laxaseiði veiddust |                   |                                     |                 |
| Breiðdalsá<br>500 m neðan<br>við brú hjá<br>Hesthálsá    | 180                     | 0                        | 10%               | -                                   | -               |
|  |                         | 1                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 2                        | 1                 | 1.4                                 | (9.5)           |
|  |                         | 3                        | 0                 | -                                   | -               |
|  |                         | 4                        | 0                 | -                                   | -               |

( ) svigar um meðallengdir þýða, að of fáar mælingar eru á bak við meðaltalið til að það sé marktækt, en gildi sýnt til viðmiðunar.